



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

44. fundur, föstudaginn 20. maí 2011, kl. 14:00-16:05 í Orkugarði, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen, Anna G. Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni A. Jóhannesson, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kristinn Einarsson (OS), Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi) og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Björg Eva Erlendsdóttir, Kjartan Ólafsson, Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu) og Unnur Brá Konráðsdóttir.

Lagt fram á fundi: 1) Fundargerð 42. fundar verkefnisstjórnar. 2) Greinargerð um samfélagsmál frá Björgu Evu Erlendsdóttur.

Fundarfrásögn

Svanfríður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Skýrsla verkefnisstjórnar

Fram kom að athugasemdir og viðbætur væru ýmist komnar inn í drög að skýrslu eða hefðu borist formanni og væru á leiðinni inn í drögin.

Rætt var um málsmeðferð 9. kafla, en þar eru í raun fleiri efnisatriði en á útsendum lista. Rétt væri að hafa aðskilið frá meginmáli (þ.e. álit verkefnisstjórnar) í fyrsta lagi álit faghópa og í öðru lagi sérálit og séráherslur einstakra verkefnisstjórnarmanna. Einn undirkaflinn ætti að heita „Ábendingar og hugmyndir um framhald“ og þar væri viðeigandi að ábendingar frá verkefnisstjórn kæmu inn undir kafla 9.2.

Sérstökum ágreiningsmálum um texta var vísað annars vegar til Önnu og Kristínar Huldar og hins vegar til Guðna, Stefáns og Agnars með mögulegar lausnir í huga.

Fram kom að stefnt væri að því að ljúka textavinnu sunnudaginn 29. maí.

Þeirri spurningu var varpað fram, hvort nota ætti meðaltal eða miða við lélegasta þáttinn, þegar sett væri fram einkunn fyrir gæði gagna.

Fram kom að meginniðurstöður í kafla 7 og ábendingar í kafla 9 væru mikilvægustu atriðin í skýrslunni.

Agnar benti á að það þyrfti að ræða í skýrslunni hvers vegna ekki væri tekið tillit til mótvægisáðgerða, einkum þar sem mati á umhverfisáhrifum framkvæmda væri lokið.

Þóra Ellen taldi hér e.t.v. gæta misskilnings, aðeins hefði verið sleppt illa skilgreindum eða umdeildum mótvægisáðgerðum. Farið hefði verið bil beggja með t.d. Urriðafoss, en Selfossi sleppt. Oft væru mótvægisáðgerðir partur af hönnun virkjunarinnar og kæmu þannig inn. Helsta undantekningin væri varðandi laxfiska í jökulám, vegna vísindalegs vafa og deilna á því sviði. Hún fór fram á að Agnar kæmi með lista yfir þær virkjunarhugmyndir þar sem ekki hefði verið tekið rétt tillit til mótvægisáðgerða.

Bent var á að lagfæra mætti orðalag um þóknanir og geta þess jafnframt að margir hefðu unnið launalaust að rammaáætlun.

2. Önnur mál

- 1) Fram kom að greinargerð Bjargar Evu Erlendsdóttur verður send út í breyttu formi.
- 2) **Kristín Linda** benti á ákvæði til bráðabirgða í nýsamþykktum lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, þar sem segir að umhverfisráðherra skuli skipa vinnuhóp til að skoða og gera tillögu að aðferðafræði við að meta verðgildi náttúrunnar.
Póra Ellen ræddi í framhaldi af þessu að full ástæða væri til að fá heimspekilega úttekt á aðferðafræðinni.
- 3) **Kristinn** benti á annað ákvæði til bráðabirgða í sömu lögum, en þar segir að fara skuli fram umhverfismat í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana á tillögu til þingsályktunar, sem byggist á niðurstöðum verkefnisstjórnar. Fyrsta skrefið í því ferli væri að leita ráðgjafar og leiðbeininga frá Skipulagsstofnun. Óskaði hann eftir heimild verkefnisstjórnar til að afhenda Skipulagsstofnun drög að lokaskýrslunni í trúnaði, þannig að Skipulagsstofnun geti sett sig inn í málið eins fljótt og unnt er, og var það **samþykkt**.

Kristinn Einarsson